

Skóla-akur



Vefrit um skólamál 3. tbl. 11. árg. 27. febrúar 2017

Myndir augnabliksins eru frá útiveru á Kiðagili.



Innritun í leikskóla.

Nú liður að því að foreldrar fái send innritunarbréf fyrir leikskóla. Bréfin eru send út í rafrænu formi á þau netföng sem foreldrar skráðu á umsóknir barna sinna. Þar sem bréfin eru send beint úr innritunarkerfinu hefur borið á því að pósthóttir viðkomandi skilgreini sendingarnar sem fjölpóst eða ruslpóst og flokki hann því beint undir "junk mail". Gert er ráð fyrir að búið verði að senda út fyrsta hluta innritunarbréfanna fyrir 7. mars n.k. Áriðandi er að foreldrar hafi samband við skólastjórnendur viðkomandi skóla innan 5 daga frá dagsetningu bréfsins, í síma eða með tölvupósti til að ganga frá innritun barnsins. Þá þarf einnig að staðfesta daglegan dvalartíma, ásamt því að láta vita ef barnið þarf á sérstakri umönnun að halda s.s. vegna ofnæmis. Síðari hluti innritunarbréfanna verður sendur út um eða eftir miðjan mars. Svör um innritun barna sem fædd eru fyrst á árinu 2016 liggja ekki fyrir fyrr en í fyrsta lagi í apríl eða maímánuði.

Nemendur Oddeyrarskóla sigruðu Lífshlaupið.

Nemendur Oddeyrarskóla tóku nú þátt í Lífshlaupinu í fyrsta sinn og stóðu sig frábærlega. Þau gerðu sér lítið fyrir og sigruðu sinn stærðarflokk af skóla (90-299 nem.) Hreyfiminútur nemenda skólans voru samtals 227.568 og voru það nemendur 3. bekkjar sem hreyfðu sig hlutfallslega mest.



Hægt er að sjá nánari upplýsingar um úrslit keppinnar hér: <https://www.lifshlaupid.is/stadan/grunnskolakkeppni/nanar-um-skola/?id=b36bd859-5d33-4dc5-a251-dc62b84fd0cf>

M.a. má sjá hve mikið vægi ólíkra tegunda hreyfingar var, en flestar hreyfiminútur voru ganga, næstflestar voru í knattspyrnu og þriðji stærsti flokkurinn var sund.

Óhætt er að segja að þetta sé hin fullkomna byrjun á innleiðingu á heilsueflandi grunnskóla, en hreyfing er einmitt áhersluþáttur í skólanum þetta skólaárið.

Til gamans má geta að starfsmenn Oddeyrarskóla stóðu sig líka vel í vinnustaðakeppninni. Þeir lentu í 2. sæti í sínum stærðarflokki á landsvisu. Starfsmenn áttu jafnframt í verulega harðri samkeppni við fræðslusvið Akureyrarbæjar í bæjarkeppninni en tókst með naumindum að bera sigur úr býtum og munu því starfsmennirnir varðveita Lífshlaupsbikar Akureyrarbæjar annað árið í röð.

Vetrarfrí.

Dagana 1., 2. og 3. mars er vetrarfrí í grunnskólum Akureyrar. Tilvalið að njóta þess sem bærinn hefur upp á að bjóða. Sjá má hvað hægt er að gera á Akureyri og nágrenni í vetrarfríinu á: <http://www.visitakureyri.is/is/ahugavert/hatidir-og-vidburdir/vetrarfrí-2012>

Málþing um menntun flóttabarna.

Málþing Skólamálaráðs KÍ um menntun barna í leit að alþjóðlegri vernd

Þeirra réttur – okkar skyldur.

Föstudaginn 3. mars 2017, kl. 8:30-12:30 – Hvammi, Grand hóteli, Reykjavík. Markmið málþingsins er að vekja athygli á og að skapa skilning á aðstæðum og þörfum barna í leit að alþjóðlegri vernd. Hvernig viljum við hafa umgjörðina hér á landi um menntun barnanna, starf kennara og skóla? Málþingið er fyrir skólafólk og aðra sem koma að menntun og skólastarfi.

Sjá nánar á: <http://ki.is/um-ki/utgafa/frettir/vidburdir/3757-malthing-um-menntun-flottabarna-2>

Skólinn okkar — þáttaröð á Hringbraut.

Skólinn okkar, átta þátta sjónvarpsröð um skóla- og menntamál, hóf göngu sína á sjónvarpsstöðinni Hringbraut í febrúar. Komið verður víða við í Skólanum okkar og lögd er áhersla á að fjalla á liflegan og faglegan hátt um það mikla og öflugan starf sem fram fer í leikskólum, grunnskólum, framhaldsskólum og tónlistarskólum landsins. Markmið þáttanna er að varpa ljósi á mikilvæga þætti skólastarfs og um leið opna augu almennings fyrir því gróskumikla og öfluga starfi sem kennarar, skólastjórnendur og annað starfsfólk skólanna innir af hendi á degi hverjum. Umfjöllunarefni þáttanna átta er fjölbreytt og verður í næstu þáttum fjallað um stöðu flóttabarna í skólum, málefni tónlistarskóla, kennaranám, samfélagsmiðla og margt fleira. Skólinn okkar er samstarfsverkefni Kennarasambands Íslands og Hringbrautar.

Þættirnir verða á dagskrá Hringbrautar næstu átta þriðjudagskvöld, klukkan 20.30, en einnig verður hægt að horfa á þá á: hringbraut.is.

Sjá nánar á: <http://ki.is/rss/3745-skolinn-okkar-fyrsti-thatturinn-fer-i-loftidh-a-thridhjudag>

Skóla-akur er vef tímarit sem gefið er út af skóladeild Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, Akureyri.

Ritstjóri: Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hrísey, lindamaria@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Afgreiðslutími mán.-miðvikudaga frá 8-13.

Markmið blaðsins er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. **Dreifing:** Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- og grunnskólum og í tónlistarskóla bæjarins auk fulltrúa foreldra o.fl.